

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 24. ágúst 2020

Mál nr. S-1071/2019:

Héraðssaksóknari

(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari)

gegn

Þorsteini Halldórssyni

(Guðmundur St. Ragnarsson lögmaður)

Dómur:

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. júní sl., höfðaði héraðssaksóknari með ákæru 15. ágúst 2019 á hendur ákærða, Þorsteini Halldórssyni, kt. [...], til heimilis að [...], [...]; „fyrir kynferðisbrot gegn Y, fæddum 30. júní 2000, er hann var á aldrinum 14 til 17 ára, sem hér greinir:

1. Með því að hafa frá árinu 2015 og fram til 21. sept. 2017, er Y var 14 til 17 ára margítrekað eða í að minnsta kosti 50 skipti, á ýmsum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, nágrenni þess og [...], haft kynferðismök við Y með ólögmati nauðung með því að nýta sér yfirburði sína gagnvart honum vegna aldurs-, þroska- og reynslumunar. Ákærði gaf drengnum peninga, þar með talið með því að láta hann hafa greiðslukort til afnota, fatnað, sólgleraugu, mat á veitingastöðum, tóbak, áfengi, kannabisefni og tvo farsíma, lét hann hafa símanúmer með gagnamagni til afnota og ók honum á milli staða. Þá beitti ákærði drenginn þrýstingi og yfirgangi til þess að hitta hann og fá framgengt vilja sínum að hafa við hann kynferðismök, með því meðal annars að hringja og senda margítrekuð skilaboð í síma og gegnum samskiptaforrit, virða að vettugi svör drengsins um að geta ekki eða vilja ekki hitta hann, mæta óvænt á staði þar sem hann var staddur og með því að krefja drenginn um endurgreiðslu peninga og gjafa er hann reyndi að slíta samskiptum við ákærða.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. og 3. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og 1. mgr. 202. gr. sömu laga að því er varðar tilvik fram til 30. júní 2015,

18. gr., sbr. 1. mgr. 27. gr. áfengislaga nr. 75/1998 og 2. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. Með því að hafa á sama tímabili og stöðum og greinir í ákærulið 1, ítrekað tekið ljósmyndir af Y sem sýndu hann á kynferðislegan og klámfenginn hátt, beðið drenginn um að senda kynferðislegar myndir af sér, haft kynferðislegar myndir af honum í vörslu sinni í farsíma af gerðinni Samsung Galaxy J5, sem haldlagður var af lögreglu, og sent kynferðislegar myndir af honum til óþekktra aðila á samskiptamiðlum.

Telst þetta varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga að því er varðar tímabilið til 30. júní 2015, en við 199. gr., til vara 209. gr., og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 eftir framangreint tímamark, sem og við 1. mgr. 210. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til þess að sæta upptöku á farsíma að gerðinni Samsung Galaxy J5 (munur nr. 449798) skv. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga.

Einkaréttarkrafa: Y, kt. [...], gerir þá kröfu að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000,- auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi er brot átti sér fyrst stað, þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, verði réttargæslumaður ekki skipaður.“

Kröfur ákærða:

Ákærði krefst þess aðallega í málinu að hann verði sýknaður af sakagiftum samkvæmt báðum liðum ákæru. Til vara krefst ákærði þess að hann verði dæmdur til þeirrar vægustu refsingar sem lög leyfa. Hvað bótakröfu brotþola varðar krefst ákærði þess aðallega að kröfunni verði vísað frá dómi en til vara að hún verði stórlega lækkuð.

I

Skömmu fyrir miðnætti föstudaginn 22. september 2017 barst lögreglu tilkynning um að ökumaður bifreiðar sem ekið væri úr Grafarvogi í Reykjavík í átt að Vesturlandsvegi væri hugsanlega ölvaður. Tilkynnandi fylgdi bifreiðinni eftir og vísaði lögreglu á bifreiðina þegar hún var komin á Höfðabakka. Þar stöðvaði lögregla

bifreiðina. Ökumaður hennar reyndist vera ákærði í máli þessu. Farþegi í bifreiðinni var brotþoli.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að ákærði hafi við athugun lögreglu reynst vera allsgáður. Ákærði hafi tjáð lögreglu að hann væri að skutla brotþola. Brotþoli, sem verið hafi sýnilega ölvaður, hafi sagst vera 19 ára gamall. Þegar brotþoli hafi gefið upp kennitölu sína hafi hins vegar komið í ljós að hann var 17 ára gamall. Var það mat lögreglu að málið þarfnaðist frekari skoðunar og voru ákærði og brotþoli því færðir á lögreglustöð.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu gaf ákærði þær skýringar á lögreglustöðinni að brotþola þekkti hann í gegnum frænda vinar síns. Brotþola hefði hann þekkt í nokkra mánuði. Ákærði hefði verið að skutla brotþola frá Egilshöll og til vina hans sem biðu hans við skemmtistaðinn Spot í Kópavogi. Brotþoli hafi hins vegar sagt ákærða vera mann sem hann þekkti af „skutlarasiðu“ og hefðu brotþoli og vinir hans notað hann talsvert til að skutla sér. Þar sem skýringar ákærða og brotþola á því af hverju brotþoli var í bifreiðinni með ákærða og þar sem lögregla vefengdi sannleiksgildi frásagnar ákærða af því hvernig og hversu lengi hann hefði þekkt brotþola var tekin ákvörðun um að handtaka ákærða í þágu rannsóknar málsins. Brotþola var hins vegar ekið að heimili móður hans og henni kynntir málavextir.

Um hádegisdaginn 23. september 2018 gaf brotþoli skýrslu vegna málsins. Sagði hann samskipti þeirra ákærða hafa hafist á samskiptaforritinu Grindr. Í kjölfarið hefðu þeir hist og haft kynmök. Taldi brotþoli að þetta hefði gerst árið áður en hann sagðist þó ekki vera 100% viss. Brotþoli kvað ákærða eftir þetta hafa verið ágengan og ákærði stöðugt verið að setja sig í samband við hann. Í framhaldinu hefðu þeir ítrekað hist og haft kynmök á ýmsum stöðum. Þegar brotþoli hefði reynt að losna undan ákærða með því að svara ekki skilaboðum hans hefði ákærði tekið að birtast á vinnustað hans og fyrir utan heimili afa hans og ömmu á [...] þar sem brotþoli hefði búið. Brotþoli hefði á tímabilinu fengið fjölda skilaboða frá ákærða, bæði á samskiptamiðlinum Snapchat og í SMS-skilaboðum. Þá hefði ákærði einnig hringt í hann. Brotþoli lýsti vilja sínum til þess að losna undan samskiptum við ákærða en í hvert skipti sem ákærði vildi hitta hann væri það í kynferðislegum tilgangi. Brotþoli sagðist einungis hafa haft samband við ákærða að fyrri bragði til þess að fá hann til þess að skutla sér á milli staða. Brotþoli sagðist ekkert hafa fengið frá ákærða sem endurgjald fyrir kynmökina. Brotþoli gaf aðra skýrslu hjá lögreglu vegna málsins 25. janúar 2018 og lýsti hann þá samskiptum þeirra

ákærða með mun ítarlegri hætti en í fyrri skýrslu. Taldi brotaþoli þá að samskipti þeirra ákærða hefðu hafist fyrir maímánuð 2015. Þá bar hann um ýmsar gjafir sem ákærði hefði gefið honum. Brotaþoli gaf þriðju skýrsluna vegna málsins 28. mars 2018.

Ákærði gaf fyrst skýrslu hjá lögreglu vegna málsins að morgni laugardagsins 23. september 2017. Ákærði bar þá að samskipti þeirra brotaþola hefðu varað í einhverja mánuði, en þau þó verið stopul. Samskiptunum lýsti ákærði svo að þeir hefðu spjallað saman í síma og einnig hist og borðað saman. Þá hefði ákærði skutlað brotaþola nokkrum sinnum. Ákærði kvaðst ekki muna hvernig samskiptin hófust og heldur ekki nákvæmlega hvenær en að það hefði verið fyrir einhverjum mánuðum. Spurður um hvort samskipti þeirra hefðu verið kynferðisleg svaraði ákærði því til að það hefðu þau nýlega orðið. Spurður um hvort hann hefði gefið brotaþola gjafir kvaðst ákærði hafa keypt handa honum skyndibita.

Ákærði gaf skýrslu að nýju kl. 16:55 þennan sama dag. Var honum þá kynntur sá framburður brotaþola að þeir væru búnir að þekkjast í rúmt ár. Kvaðst ákærði þá hafa greint lögreglu frá því í sinni fyrri skýrslu. Þá kannaðist ákærði við að hann og brotaþoli hefðu í nokkurn tíma átt í kynferðislegu sambandi en tók fram að sambandið hefði ekki verið með þeim hætti í fyrstu. Ákærði neitaði að hafa keypt áfengi og reyktóbak fyrir brotaþola en kannaðist við að hafa gefið honum munntóbak í nokkur skipti. Ákærði kannaðist einnig við að hafa mætt á vinnustað brotaþola en neitaði að hafa farið að húsi móður hans í Norðlingaholi og húsi afa hans og ömmu á [...]. Þá gekkst ákærði við að hafa tekið myndir af sér og brotaþola í kynferðislegum athöfnum en sagði það hafa verið að ósk brotaþola. Þvertók ákærði fyrir að hafa áreitt brotaþola stöðugt og misnotað hann kynferðislega. Tekin var afar ítarleg framburðarskýrsla af ákærða vegna málsins 15. febrúar 2018 og verður vikið að framburði hans þá í kafla V hér á eftir að því marki sem dómurinn telur að hann hafi þýðingu við úrlausn málsins.

Undir rannsókn málsins afritaði lögregla og rannsakaði rafrænt innihald farsíma ákærða og brotaþola. Við þá rannsókn kom í ljós mikill fjöldi skilaboða á milli ákærða og brotaþola, bæði í SMS-skilaboðum og á samskiptaforritinu Snapchat. Lögregla aflaði sér einnig bankagagna vegna tímabilsins 12. janúar 2017 til 12. janúar 2018 er tengdust bankareikningum ákærða. Í þeim gögnum kom fram mikill fjöldi hraðbankaúttekta og fjöldi greiðslukortáúttekta vegna kaupa á veitingastöðum og í sjoppum. Þá var þar að finna talsvert um greiðslur ákærða til símafyrtækja.

Rannsókn málsins lauk í apríl 2018. Héraðssaksóknari gaf síðan út ákæru á hendur ákærða 15. ágúst 2019. Mál þetta var þingfest 24. september 2019 og 11. nóvember sama ár lagði ákærði fram greinargerð í málinu. Gerði hann þar þá kröfu aðallega að málinu yrði vísað frá dómi. Með úrskurði dómsins 23. janúar 2020 féllst héraðsdómur á frávísunarkröfu ákærða hvað ákærulið 1 varðaði en hafnaði því að vísa ákærulið 2 frá dómi. Ákæruvaldið kærði úrskurðinn til Landsréttar og með úrskurði réttarins 12. febrúar 2020 var frávísunarkröfu ákærða alfarið hafnað og lagt fyrir dóminn að taka málið í heild til efnismeðferðar. Áformaðri aðalmeðferð í málinu 5. maí sl. var frestað að ósk verjanda ákærða vegna aðstæðna sem uppi voru vegna Covid-19 faraldursins. Aðalmeðferð málsins hófst síðan 4. júní sl. og var henni fram haldið og málið tekið til dóms 30. sama mánaðar.

II

Ákærði kom fyrir dóminn í þinghaldi 3. október 2019 og neitaði sök samkvæmt báðum liðum ákæru. Þá hafnaði hann bótakröfu brotaþola. Við aðalmeðferð málsins áréttaði ákærði þessa afstöðu sína. Ákærði neitaði því aðspurður að hafa beitt brotaþola þrýstingi og yfirgangi í því skyni að fá hann til þess að hitta sig og hafa við sig kynmök. Þá þvertók ákærði fyrir að hafa nauðgað brotaþola. Ákærði neitaði því einnig að hafa tælt brotaþola til kynmaka og sagði brotaþola hafa verið mjög áhugasaman um kynmökin.

Í skýrslu sinni við aðalmeðferð málsins lýsti ákærði atvikum svo að kynni hefðu tekist með honum og brotaþola í janúar eða febrúar 2017 á samskiptaforritinu Grindr en báðir hefðu þeir verið með auglýsingu þar inni. Ákærði kvaðst þar hafa gefið upp nafn, aldur, hæð og þyngd en ekki sett inn mynd af sér. Í auglýsingu brotaþola hefðu komið fram sambærilegar upplýsingar og hjá ákærða og hefði brotaþoli heldur ekki sett inn mynd af sér. Uppgefinn aldur brotaþola á Grindr hefði verið 18 ár. Réttan aldur brotaþola kvaðst ákærði ekki hafa vitað fyrir einhverjum mánuðum eftir að með þeim tókust kynni. Áður en kynni þeirra brotaþola hófust samkvæmt framansögðu sagðist ákærði hafa verið búinn að hitta brotaþola einu sinni. Það hefði hann gert sumarið eða haustið 2016 að tilstuðlan annars ungs manns, sem ákærði hefði síðar verið með röngu dæmdur fyrir að brjóta gegn. Því atviki lýsti ákærði svo að þeir hefðu sótt brotaþola sem verið hefði að skemmta sér. Brotaþoli hefði hins vegar reynt vera ofurölvi og hefðu þeir því einfaldlega skutlað honum þangað sem hann vildi fara.

Upphafi samskipta þeirra brotþola lýsti ákærði nánar svo að brotþoli hefði haft samband við hann á Grindr og óskað eftir mynd af honum. Ákærði hefði orðið við þeirri beiðni og brotþoli í kjölfarið sent honum mynd af sér. Í framhaldinu hefðu þeir átt almennt spjall á samskiptaforritinu í einn eða tvo daga en síðan mælt sér mót á bensínstöð í Norðlingaholti í því skyni að kynnast betur. Þeim fundi þeirra lýsti ákærði svo að hann hefði ekið bifreið sinni einn hring í kringum húsið áður en hann hefði farið inn. Þegar inn var komið hefði ákærði fljótlega komið auga á brotþola, þeir heilsast og tekið tal saman. Sagði ákærði brotþola hafa komið sér fyrir sjónir eins og hann hefði búist við eftir að hafa séð af honum ljósmynd og lesið fyrrgreindar upplýsingar sem hann hefði gefið á samskiptaforritinu. Eftir að þeir höfðu rætt stuttlega saman hefði ákærði spurt brotþola að því hvort „hann vildi gera eitthvað í málinu“ og brotþoli svarað játandi. Skýrði ákærði tilvitnuð orð sín svo að brotþoli hefði áður en þeir hittust, í spjalli þeirra á Grindr, verið búinn að nefna að hann væri að leita eftir kynlífi. Ákærði og brotþoli hefðu í kjölfarið farið út af bensínstöðinni og sest inn í bifreið ákærða. Þeir hefðu síðan ekið um í nokkra stund og spjallað saman á meðan. Þeir hefðu síðan farið að húsinu sem ákærði bjó í á þeim tíma. Þeir hefðu síðan farið inn í tóma íbúð sem var á sömu hæð í húsinu og íbúð ákærða. Um ástæðu þess að þeir fóru þar inn en ekki í íbúð ákærða gaf ákærði þá skýringu að hvorki hann né brotþoli hefðu verið búnir að opinbera þessar hneigðir sínar og á heimili ákærða hefði sonur hans búið.

Þegar inn var komið hefðu þeir hátað sig, og hvorn annan, og síðan stundað kynlíf. Því lýsti ákærði aðspurður nánar svo að um hefði verið að ræða gagnkvæm munnmök. Þá hefði ákærði, að ósk brotþola, haft samræði við hann í endaparm. Ákærði sagði brotþola hafa borið sig þannig að að ljóst hefði verið að kynlífsreynsla hans var heilmikil. Ákærði sagði kynmök hans og brotþola eftir þetta fyrsta tilvik ávallt hafa verið með sama hætti. Brotþoli hefði ekki viljað hafa þau með öðrum hætti. Að kynmökunum loknum þetta fyrsta kvöld taldi ákærði að þeir brotþoli hefðu komið við á bensínstöð á bakaleiðinni og fengið sér franskar og gos og rætt saman lengi.

Ákærði sagðist hafa fengið skilaboð frá brotþola hálf tíma til klukkutíma eftir að hann kom heim til sín sem fylgt hefðu myndir af brotþola þar sem hann var að koma úr baði og var uppi í rúmi. Í skilaboðunum hefði komið fram áhugi brotþola á því að endurtaka leikinn daginn eftir. Ákærði hefði síðan kvöldið eftir sótt brotþola að spennistöð nærri heimili hans og þeir síðan ekið að húsinu sem ákærði bjó í. Þeir hefðu síðan farið aftur inn í tómu íbúðina og haft þar kynmök. Að því loknu hefðu þeir, eins og

fyrsta kvöldið, komið við á bensínstöð og rætt saman. Ákærði kvaðst meðal annars hafa innt brotþola eftir því hvort hann hefði áhuga á frekari samskiptum við ákærða og brotþoli svarað því játandi. Hefðu þeir bundist sammælum um það að á meðan þeir væru að hittast myndu þeir ekki vera að hitta aðra menn. Við það hefði ákærði staðið en hann hins vegar fregnað að það hefði brotþoli ekki gert. Ákærði sagðist hafa borið það upp á brotþola sem brugðist hefði við með því að fara í fýlu og hann í kjölfarið ekki talað við ákærða í um viku tíma. Ákærði sagðist hins vegar hafa sæst á það að brotþoli væri í sambandi með stúlku og hefði brotþoli eignast kærustu sumarið 2017.

Samskipti sín og brotþola kvað ákærði hafa staðið yfir frá því snemma árs 2017 og til 23. september það sama ár. Sambandi þeirra lýsti ákærði sem vina- og kynlífssambandi. Frumkvæðið að því að hittast hverju sinni sagði ákærði hafa komið frá þeim brotþola að jöfnu og hefði sambandið verið á jafningjagrundvelli. Ákærði sagði brotþola hafa viljað vera í sambandinu og í raun og veru hefði það verið hann sem réð ferðinni í því. Þeir hefðu ekki hist nema þegar brotþoli hafði á því áhuga. Samskipti þeirra á milli sagði ákærði hafa farið fram í gegnum síma, ýmist í símtölum eða með SMS-skilaboðum, og í einstaka tilfellum á samskiptamiðlinum Snapchat. Þá staðfesti ákærði aðspurður að þeir hefðu enn fremur átt samskipti með samskiptaforritinu Signal en ákærða hefði verið ráðlagt að notast við það forrit af vini sínum þar sem erfiðara væri að brjótast inn í það.

Spurður um hversu oft þeir brotþoli hefðu hist á fyrrnefndu tímabili sagðist ákærði ekki geta sagt nákvæmlega til um það. Ákærði taldi að þeir hefðu hist einu sinni til þrisvar í viku en þó hefðu komið vikur sem þeir hittust ekki neitt. Spurður um hvar þeir hefðu verið saman bar ákærði samkvæmt áðursögðu að í tvö fyrstu skiptin hefðu þeir verið í tómrí íbúð í húsinu sem ákærði bjó í. Einu sinni hefðu þeir verið á heimili móður brotþola þegar enginn hefði verið þar heima. Í nokkur skipti hefðu þeir verið í skrifstofuhúsnæði sem ákærði hafði aðgang að í Síðumúla í Reykjavík. Ákærði minntist jafnframt tveggja skipta sem þeir hefðu verið saman á [...] í húsbíl sem ákærði hefði haft til umráða. Mögulega hefðu þeir einnig verið saman í húsbílnum sunnan Hvalfjarðargangnanna. Þá hefðu þeir í fáein skipti verið saman í Benz-bifreið ákærða. Hvað ferðir um Hvalfjarðargöng varðaði, samtals 32 ferðir fram og til baka, sbr. framlögð gögn frá Speli, bar ákærði að þær hefðu ekki allar verið farnar til þess að hitta brotþola. Hann hefði meðal annars farið tvisvar eða þrisvar vestur á firði, norður í land og einnig hefði hann verið að heimsækja ættingja sem hann ætti á [...]. Sagði ákærði að

hugsanlega hefðu tveir þriðju hlutar þessara ferða verið farnar til þess að hitta brotþola. Þá staðfesti ákærði að hann hefði farið fáeinar ferðir á [...] fyrir það tímabil sem gögnin frá Speli taki til, en veflykilinn hefði ákærði keypt 12. júní 2017.

Ákærði kannaðist við að hafa sótt brotþola í nokkur skipti þangað sem hann vann. Í nær öllum þeim tilvikum hefði hann beðið fyrir utan á bílastæðinu á stað sem brotþoli tilgreindi. Í tvígang sagðist ákærði hafa farið inn á vinnustað brotþola. Í öðru tilvikinu hefði ákærði farið til að hitta brotþola þar sem hann hefði þá verið búinn að hundsá ákærða í fimm daga. Tilganginn sagði ákærði hafa verið þann að fá fram svar hjá brotþola við þeirri spurningu hvort sambandi þeirra væri lokið. Brotþoli hefði svarað því neitandi og beðið ákærða afsökunar á framkomu sinni.

Ákærði sagði þá ekki hafa stundað kynlíf í öllum þeim tilvikum sem þeir hittust. Stundum hefðu þeir bara fengið sér hamborga saman, spjallað og rúntað um. Ákærði sagðist stundum hafa greitt fyrir þann mat sem þeir brotþoli snæddu en stundum hefði það verið brotþoli. Taldi ákærði að á hvorugan hefði hallað í því sambandi. Þá hefði ákærði stundum lagt út fyrir mat handa brotþola og hann síðan endurgreitt ákærða síðar. Spurður um staði sem þeir hefðu snætt á nefndi ákærði Kentucky Fried Chicken, Nam á Nýbýlavegi og annan víetnömskan stað í Breiðholti.

Ákærði sagðist stundum hafa lánað brotþola lágar fjárhæðir, nokkrar þúsundir króna. Þvertók ákærði hins vegar fyrir að hafa gefið brotþola fjármuni. Hann hefði ávallt gengið eftir því að brotþoli endurgreiddi honum það sem hann lánaði honum. Þá neitaði ákærði að hafa gefið brotþola fatnað, tóbak, áfengi eða kannabisefni. Framburð brotþola í þá veru sagði ákærði vera rangan. Ákærði kannaðist við að hafa skutlað brotþola á ýmsa staði að hans ósk en tók fram að brotþoli hefði á móti tekið þátt í bensínkostnaði. Ákærði kannaðist jafnframt við að hafa látið brotþola fá farsíma sem hann hafði þá nýlega keypt og var enn í umbúðunum þar sem sími brotþola hefði verið bilaður. Ákærði sagðist einnig hafa lánað brotþola símkort með gagnamagni, sem hann hefði átt til og verið hefði skráð á félag í eigu ákærða, þegar síma brotþola hefði verið stolið. Það hefði hins vegar dregist að ákærði skilaði símkortinu. Ákærði þvertók fyrir að hafa gefið brotþola nefndan farsíma og annan til. Hann hefði lánað brotþola símann og hefði brotþoli haft hann til afnota í einn eða tvo mánuði en síðan skilað honum. Um væri að ræða sama síma og krafist væri upptöku á í ákæru málsins og hefði meðal annars að geyma myndir sem brotþoli hefði beðið ákærða um að taka af þeim á meðan þeir stunduðu kynlíf. Myndirnar hefði brotþoli tekið á sinn eigin síma en hann síðan flutt

þær yfir á símann sem ákærði lánaði honum. Ákærði þvertók fyrir að hafa sent þessar myndir til óþekktra aðila á samfélagsmiðlum. Það hefði brotaþoli gert. Ákærði sagðist aldrei hafa beðið brotaþola um að senda sér kynferðislegar myndir af honum. Hins vegar hefði brotaþoli í nokkrum tilvikum sent ákærða slíkar myndir að eigin frumkvæði.

Aðspurður kannaðist ákærði við að hafa komið því á framfæri við brotaþola þegar brotaþoli hefði sýnt af sér framkomu sem bent hefði til þess að hann vildi slíta sambandi þeirra að ef svo væri þá þyrftu þeir að gera upp sín á milli. Tók ákærði fram að um óverulegar fjárhæðir hefði verið að ræða en hann hefði í ljósi reynslunnar viljað tryggja að ekki yrði hægt að bera á hann síðar að hann hefði verið að bera gjafir í brotaþola. Þá framsetningu í ákæru að með þessu hefði ákærði verið að þvinga brotaþola til að vera áfram í sambandinu sagði ákærði alranga.

Reiðufjárúttektir í hraðbönkum samkvæmt framlögðum yfirlitum sagði ákærði engar hafa verið afhentar brotaþola að gjöf. Ákærði sagði hluta þeirra úttekta hafa verið fyrir nafngreindan vin. Sá hefði ekki verið með banka- eða greiðslukort og hann því oft fengið að millifæra peninga rafrænt á ákærða sem strax hefði tekið peningana út í hraðbanka og afhent vini sínum. Útgjöld til símafyrirtækja skýrði ákærði svo að hann hefði greitt fyrir aðgang að alnetinu fyrir heimili sitt. Þá hefði ákærði greitt fyrir notkun síns símanúmers og dóttur sinnar. Enn fremur hefði hann lagt út fyrir notkun símanúmersins sem hann lánaði brotaþola samkvæmt áðursögðu, en brotaþoli hefði endurgreitt honum þann kostnað.

Ákærði kvað brotaþola alltaf hafa verið til í að stunda kynlíf þegar þeir hittust. Svo hefði ekki verið um ákærða en í sumum þeirra tilvika sem ákærði hefði sótt brotaþola í samkvæmi að hans ósk hefði hann verið svo drukkinn að ákærði hefði engan áhuga haft á kynferðislegum samskiptum. Í þeim tilvikum hefði ákærði ekið brotaþola upp á [...] eða heim til móður hans.

Ákærði sagði þá brotaþola hafa haldið sambandi sínu leyndu þar sem hvorugur hefði verið „út úr skápnunum með þetta.“ Allan tímann meðan á sambandinu stóð hefði brotaþoli verið búsettur á [...]. Hann hefði hins vegar verið með lögheimili hjá móður sinni, sem búið hefði við [...] í Reykjavík, og hefði brotaþoli oft verið þar staddur.

III

Y, brotaþoli í málinu, lýsti málsatvikum svo fyrir dómi að kynni hefðu tekist með honum og ákærða á árinu 2015 þegar brotaþoli hefði verið 14 ára gamall. Tímasetninguna sagðist brotaþoli tengja við samkvæmi sem hann hefði haldið heima hjá

móður sinni í maímánuði það ár, en hún hefði þá verið stödd erlendis. Brotapoli hefði beðið ákærða um að kaupa áfengi fyrir samkvæmið handa brotapola og vinum hans. Aðspurður sagðist brotapoli ekki hafa upplýst vini sína um það hvern hann hefði fengið til að kaupa áfengið. Þegar samkvæmið var haldið hefðu ákærði og brotapoli þegar verið búnir að hittast í nokkur skipti „annars hefði ég örugglega aldrei þorað að spyrja hann um að kaupa áfengi.“ Hversu mörg þau skipti voru á þeim tímapunkti gat brotapoli ekki um borið. Brotapoli kvaðst ekki geta sagt til um það hversu oft þeir ákærði hefðu haft kynmök áður en hann varð 15 ára gamall. Þau skipti hefðu þó verið nokkur.

Brotapoli sagðist hafa heyrt af samskiptaforritinu Grindr og farið inn á það af forvitni og útbúið fyrir sig prófil. Brotapoli kvaðst ekki hafa sett inn mynd af sér og gefið upp að hann væri 18 ára. Brotapoli hefði fljótlega farið að spjalla við ákærða á samskiptaforritinu og þeir síðan mælt sér mót á bensínstöð Olís þetta sama kvöld. Aðspurður sagði brotapoli að tilgangurinn með því að hittast hefði verið að stunda kynlíf. Tók brotapoli fram að hann hefði verið forvitinn og ungur. Hann hefði einungis verið 14 ára gamall. Áður en þeir ákváðu að hittast hefði ákærði verið búinn að senda brotapola mynd af sér. Brotapoli hefði hins vegar ekki vitað aldur ákærða. Aðspurður sagðist brotapoli ekki muna hvort hann hefði verið búinn að segja ákærða aldur sinn. Hvenær ákærði hefði fengið vitneskju um raunverulegan aldur brotapola gat brotapoli ekki borið um. Brotapoli tók hins vegar fram að ákærði hefði vitað að hann var í grunnskóla.

Þegar brotapoli var kominn á bensínstöðina hefði hann fengið bakþanka og hann sent ákærða skilaboð um að hann vildi hætta við. Ákærði hefði svarað og sagt að þetta yrði allt í lagi en brotapoli ítrekað að hann vildi hætta við. Ákærði hefði þá komið inn á bensínstöðina. Við það sagðist brotapoli hafa frosið en hann síðan farið með ákærða og sest inn í bifreið hans. Ákærði hefði síðan ekið í Kópavog og þeir farið inn í tóma íbúð fyrir neðan þá íbúð sem ákærði bjó í. Þar hefði brotapoli fyrst haft munnmök við ákærða og ákærði síðan haft munnmök við hann. Í kjölfarið hefði ákærði haft endaparmsmök við brotapola. Meðan á þessu stóð sagðist brotapoli hafa verið stressaður. Hann hefði ekkert þorað að segja og eiginlega verið frosinn. Aðspurður taldi brotapoli að ákærði hefði ekki innt hann eftir aldri áður en þeir höfðu kynmök. Að þeim loknum hefði ákærði farið í sturtu. Brotapoli hefði síðan farið heim.

Brotapoli sagði þá hafa hist aftur tveimur eða þremur dögum síðar og taldi brotapoli að ákærði hefði haft frumkvæðið að þeim fundi þeirra. Brotapoli kvað fyrsta skiptið hafa verið „ógeðslega athöfn“ og að hann skildi ekki af hverju hann hefði farið

aftur að hitta ákærða. Spurður um hvort honum hefði fundist ákærði vera að þvinga hann til þess að hitta sig svaraði brotþoli: „Ég veit það ekki.“

Brotþoli bar að ákærði hefði ávallt haft frumkvæðið að kynferðislegum samskiptum þeirra á milli og hefði hann orðið ágengari eftir því sem tíminn leið. Brotþoli sagðist ekki muna hvert þeir hefðu farið í annað skiptið sem þeir hittust en þá hefðu þeir einnig haft kynmök. Kvaðst brotþoli raunar ekki muna eftir einu einasta skipti sem þeir hefðu hist þar sem þeir hefðu ekki stundað kynmök að einu tilviki undanskildu, en þá hefði ákærði skutlað brotþola og bróður hans út á flugvöll. Spurður um hvort hann hefði viljað hitta ákærða aftur eftir þetta fyrsta skipti svaraði brotþoli: „Ég veit það ekki einu sinni.“ Tók brotþoli fram að hann hefði verið stressaður vegna samskiptanna við ákærða, hann verið hræddur og alltaf verið með í maganum. Brotþoli kvaðst hins vegar aldrei hafa sagt ákærða frá því að hann vildi kynmökina ekki. „Ég var bara frosinn, alltaf bara eiginlega í sömu stöðu.“ Aðspurður sagði brotþoli ákærða hvorki hafa hótað honum né meitt hann þegar hann hafði við hann kynmök. „Hann beitti engu ofbeldi“ sagði brotþoli.

Fram kom hjá brotþola að framan af hefðu kynmökina verið með sama hætti og í fyrsta skiptið. Eftir að þeir höfðu verið að hittast um tíma hefði brotþoli reynt að komast undan munnmökunum „til að reyna að klára þetta af.“ Brotþoli hefði í raun verið eins og stytta og engan þátt tekið í kynmökunum. Þegar á leið hefði ákærði oft viljað og reynt að kyssa brotþola en það hefði hann ekki viljað og hann því haldið munninum lokuðum. Brotþoli sagði það hafa verið augljóst að hann hefði engan áhuga á kossum. Spurður um hvernig hann hefði afklæðst bar brotþoli að ýmist hefði ákærði fært hann úr fötunum eða hann gert það sjálfur.

Brotþoli bar að ákærði hefði tekið nokkrar myndir af honum, mögulega um 15 talsins, þegar hann var að hafa við hann kynmök. Ákærði hefði meðal annars tekið myndir af rassi brotþola. Brotþoli sagði andlit þeirra ákærða ekki hafa sést á myndunum. Mögulega í öllum þessara tilvika, sem brotþoli kvað hafa verið fá, kannski þrjú talsins, hefði ákærði beðið brotþola um leyfi fyrir myndatökunni. Brotþoli hefði svarað því til að honum væri alveg sama. Það hefði hann gert þrátt fyrir að þykja myndatakan og myndirnar vera ógeðslegar. Myndirnar hefði ákærði bæði tekið á sinn síma og síma brotþola. Brotþoli kvaðst aldrei hafa haft frumkvæðið að þessum myndatökum. Hann sagði ákærða hafa sent sjálfum sér þær myndir sem hann hefði tekið á síma brotþola. Brotþoli kvaðst hins vegar ekki vita til þess að ákærði hefði sent

myndirnar til þriðja aðila. Aðspurður sagðist brotapolí í upphafi samskipta þeirra ákærða hafa sent ákærða nokkrar kynferðislegar myndir af sér, að hans beiðni.

Brotapolí sagði samskiptum þeirra ákærða hafa lokið 23. september 2017 eftir að lögregla stöðvaði þá á bifreið ákærða. Samskiptum þeirra á tímabilinu frá því þeir fyrst hittust á árinu 2015 samkvæmt áðursögðu og þar til þeim lauk nefndan septemberdag lýsti brotapolí heildstætt svo að þau hefðu farið hægt af stað. Þegar á leið hefði ákærði orðið ágengari og hann margítrekað hringt og sent Snapchat- og SMS-skilaboð á öllum tímum sólarhrings. Ákærði hefði jafnframt ítrekað haft í frammi haldlausar ásakanir um brotapolí væri með öðrum karlmönnum. Eftir að ákærði var handtekin vegna máls, sem hann hefði síðan hlotið dóm fyrir, hefði hann farið að eiga samskipti við brotapolá á samskiptaforriti sem erfiðaðra hefði verið rekja og fylgjast með. Hefði ákærði látið brotapolá hlaða því forriti niður í símann sinn. Ákærði hefði beðið brotapolá um stundaskrár hans og vaktaplön og hann þannig haft miklar upplýsingar um hvar hann var niður kominn hverju sinni. Brotapolí sagðist stundum hafa reynt að loka á ákærða, blokka hann, þar sem brotapolí hefði ekki viljað halda áfram að hitta hann en „... það var bara ekki hægt að komast í burtu frá honum.“ Ákærði hefði mætt á vinnustað brotapolá og reynt að ræða við hann þar. Ákærði hefði og einnig beðið eftir honum fyrir utan vinnustaðinn. Ákærði hefði enn fremur beðið fyrir utan heimili brotapolá og elt hann þegar hann var með vinum sínum.

Brotapolí kvað ákærða hafa brugðist við tilraunum hans til þess að loka á samskipti við hann með því að krefja brotapolá um að skila gjöfum sem ákærði hafði gefið honum. Fram kom hjá brotapolá að ákærði hefði meðal annars gefið honum tvo síma, símkort með ótakmörkuðu gagnamagni, frelsipakka til að nota erlendis í tengslum við utanlandsferð sem brotapolí hefði farið í, tvönn sólgleraugu, hettupeysu og vesti. Ákærði hefði einnig gefið brotapolá gjaldeyri til nefndrar utanferðar, 40-50.000 krónur, og þá hefði hann oft gefið brotapolá lægri fjárhæðir, um 10.000 krónur í hvert skipti. Þá hefði ákærði afhent brotapolá debetkort til afnota sem hann hefði haft í „einhverja mánuði.“ Ákærði hefði jafnframt gefið brotapolá mikið af mat. Mest skyndibita og mjög oft á KFC. Enn fremur hefði ákærði ítrekað veitt brotapolá bjór er þeir snæddu á kínverskum stað í Breiðholti en þangað hefðu þeir mjög oft farið. Hann hefði einnig gefið brotapolá mikið af annars konar áfengi. Þá hefði ákærði á síðari hluta árs 2016 boðið og lagt að brotapolá að reykja kannabisefni. Neysla þeirra efna hefði ákærði sagst hafa góð áhrif á kynlífið. Ákærði hefði jafnframt gefið brotapolá verkjalyf. Áfengis- og kannabisneysluna sagði

brotapoli hafa haft þau áhrif að honum fannst tíminn líða hraðar er ákærði hafði við hann kynmök.

Brotapoli kvaðst hafa eignast kærustu í júní 2017. Ákærði hefði ekki verið því andsnúinn. Brotapoli sagði ákærða oft hafa skutlað sér heim til hennar. Hann hefði beðið fyrir utan húsið og síðan skutlað brotapolu aftur upp á [...]. Í þessum tilvikum hefðu þeir alltaf haft kynmök.

Brotapoli sagði ákærða hafa lýst vilja sínum til þess að þeir tveir myndu saman hitta strákinn í málinu sem ákærði hlaut síðar dóm fyrir. Því hefði brotapoli alfarið hafnað og ekkert úr því orðið.

Spurður um heildarfjölda þeirra tilvika sem þeir ákærði hefðu hist og haft kynmök kvaðst brotapoli ekki geta sagt til um hann. Brotapoli sagði ástandið hafa verið verst á þeim tíma sem hann bjó á [...]. Ákærði hefði að lágmarki komið þangað fjórum sinnum í viku. Svo hefði virst sem ákærði hefði ekkert annað að gera en hitta brotapolu. Hann hefði beðið fyrir utan hús afa og ömmu brotapolu þar sem hann bjó. Jafnframt hefði hann verið mættur í hádegishléi brotapolu. Í nokkur skipti hefði ákærði látið brotapolu taka rútu suður fyrir Hvalfjörð þar sem ákærði hefði tekið á móti honum á Kjalarnesi. Í þeim tilvikum hefðu þeir oftast haft kynmök nærri steiptum veggjum sem ekið væri framhá áður en komið væri á Kjalarnesið. Þeir hefðu einnig nokkrum sinnum haft kynmök í húsbíl sem ákærði hefði fengið að láni hjá vinfólki sínu. Þá hefðu þeir haft kynmök í húsnæði, hálfgerðum bílskúr, nærri Menntaskólanum í Kópavogi, í tveimur skrifstofurýmum í Múlunum í Reykjavík og í stórri skemmu á hafnarsvæði. Um nokkur skipti hefði verið að ræða á hverjum þessara staða fyrir sig. Þeir hefðu einungis einu sinni haft kynmök heima hjá ákærða og í eitt eða tvö skipti heima hjá brotapolu er hann bjó hjá móður sinni.

Brotapoli kvað sér hafa brugðið mjög þegar lögregla stöðvaði hann og ákærða 22. september 2017. Hann hefði ekki vitað hvernig bregðast ætti við. Hann hefði því í fátí gefið lögreglu þá skýringu að ákærði væri „skutlarinn“ hans. Brotapoli kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis er þessi atvik gerðust. Brotapoli sagði mikla skömm hafa fylgt samskiptum hans við ákærða og hefði hann að öllum líkindum aldrei sagt frá samskiptum þeirra nema af því að þeir voru stöðvaðir saman af lögreglu þennan dag. Þá bar ákærði að hann hefði verið stressaður og ekki vitað hvað hann ætti að segja þegar skýrsla var tekin af honum síðar þennan sama dag, 23. september 2017.

Brotapoli sagði ágengni ákærða í samskiptum þeirra hafa haft slæm áhrif á líðan sína og hegðun. Samskipti brotþola við ákærða hefðu einnig haft slæm áhrif á samskipti hans við fjölskyldu sína. Ákærði hefði miklað sjálfan sig við brotþola og talað móður hans niður.

Eftir að málið kom upp sagði brotþoli sér hafa liðið mjög illa og hann skammast sín mjög. Hann hefði sagt bróður sínum frá málinu í grófum dráttum og eftir það liðið heldur betur. Það hefði hefði hins vegar verið upplifun hans að hann hefði engan til þess að segja frá því sem gerðist í samskiptum þeirra ákærða. Brotþoli hefði ekki treyst neinum nógu vel til þess að segja honum frá atvikunum vegna þess hversu mikið hann skammaðist sín. Viðtalsmeðferð sem brotþoli væri búinn að vera að fá í Barnahúsi hefði þó verið til bóta. Honum liði samt enn stundum ömurlega og þá leituðu sjálfsvígshugsanir á hann. Fram kom hjá brotþola hvað það varðaði að hann hefði í eitt skipti, áður en málið kom upp, reynt að taka eigið líf. Það hefði hann gert þar sem hann hefði verið ráðalaus.

A, móðir brotþola, greindi svo frá fyrir dómi að hún hefði fyrst fengið upplýsingar um mál þetta eftir að lögregla hafði afskipti af bifreið ákærða nærri Ártúnsbrekku í Reykjavík. Brotþoli hefði þá verið með ákærða í bifreiðinni. Í kjölfarið hefði lögregla komið með brotþola heim til vitnisins og hefði hann þá verið ölvaður. Vitnið kvaðst hafa farið með brotþola í ökuferð í kjölfarið og rætt stuttlega við hann. Á meðan þau ræddu saman hefði brotþoli brotnað niður og sagt vitninu alls konar hluti um samskipti sín við ákærða. Brotþoli hefði gefið þá skýringu á því að hafa ekki sagt frá því hvað var í gangi að hann hefði ekki þorað því. Þá hefði hann jafnframt verið þjakaður af skömm. Vitnið sagði brotþola ekkert hafa sofið þessa nótt. Hann hefði verið í áfalli og grátið mikið. Daginn eftir, þegar brotþoli var orðinn allsgáður, hefði vitnið farið með brotþola á lögreglustöð þar sem hann hefði gefið skýrslu vegna málsins.

Vitnið bar að áður en málið kom upp hefði brotþoli verið búinn að sýna mikla vanlíðan og hegðunarerfiðleika. Komið hefði fyrir að hann veittist að fjölskyldumeðlimum og þá hefði hann ítrekað reynt að fyrirfara sér. Vitnið kvað hegðunarbreytinga fyrst hafa tekið að gæta er hann var í grunnskóla. Þá hefði námsárangur hans versnað mjög. Hegðun brotþola almennt hefði einnig versnað og hann fjarlægst vini sína. Góð samskipti vitnisins við son sinn hefðu jafnframt breyst mjög til hins verra og þau rifist stöðugt. Brotþoli hefði ítrekað látið sig hverfa og hann tekið að neyta áfengis í miklum mæli. Vitnið sagðist hafa leitað aðstoðar fyrir drenginn á

Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans og hefði hann verið til meðferðar þar í talsverðan tíma. Brotapoli hefði einnig gengið til sálfræðings en það hefði engu skilað, enda hefði hann ekki opnað sig um atvik málsins í þeim viðtölum.

Fram kom hjá vitninu að brotapoli hefði eitt sinn haldið mikið samkvæmi heima hjá vitninu þegar það var ekki heima. Eftir að málið kom upp hefði brotapoli upplýst vitni um að það hefði verið ákærði sem séð hefði brotþola og vinum hans fyrir áfengi í samkvæminu. Vitnið taldi að samkvæmið hefði verið haldið þegar brotapoli var á fyrsta ári í menntaskóla og bjó enn heima en taldi þó mögulegt að það hefði verið ári fyrr, þegar brotapoli hefði verið í 10. bekk í grunnskóla.

Vitnið sagðist hafa orðið vart við að brotapoli var með nýja og fína hluti sem hann hefði gefið óljósar skýringar á. Nefndi vitnið í því sambandi vesti, síma, mögulega tvo, úlpu og hring. Eftir að málið kom upp hefði brotapoli tjáð vitninu að ákærði hefði gefið honum þessa hluti. Þá hefði vitnið einnig veitt því athygli að brotapoli skipti um símanúmer sem hann hefði einnig gefið á óljósar skýringar. Vitnið sagði sig aldrei hafa grunað að skýringin á breyttri hegðun brotþola og þeim breytingum sem á honum urðu að öðru leyti væri sú sem síðar hefði komið í ljós. Vitnið kvað ástandið hafa verið svo slæmt lengi að brugðið hefði verið á það ráð, eftir að brotapoli hóf nám í Menntaskólanum við Sund, sem gengið hefði mjög illa, að hann flytti tímabundið heim til föðurafa síns og ömmu á [...]. Á meðan brotapoli bjó þar hefði hann verið tekinn með kannabísefni og hann þá flust til foreldra vitnisins, sem einnig hefðu búið á [...]. Brotapoli hefði verið eina eða tvær annir í menntaskóla á [...] og hefði námið þar ekki gengið vel.

Eftir að málið kom upp kvaðst vitnið hafa séð miklar breytingar á brotþola og honum greinilega verið létt. Samskipti vitnisins og sonar þess hefðu lagast mikið. Brotapoli hefði hins vegar ekki viljað ræða málið og líðan sína mikið við vitnið. Brotapoli væri búinn að vera í meðferð hjá sálfræðingi í Barnahúsi eftir að málið kom upp og gengi sú meðferð ágætlega. Sálfræðingurinn hefði reynst brotþola mjög vel. Það væri hins vegar ljóst að brotþola liði enn illa og fyrir skömmu hefði vitnið þurft að fara með hann á neyðarfund hjá sálfræðingi þegar hann hefði ætlað að fyrirfara sér.

B, bróðir brotþola, bar að þegar lögregla hefði komið heim með brotþola, eftir að hafa stöðvað bifreið sem hann var í ásamt ákærða, hefði brotapoli verið talsvert ölvaður. Brotapoli hefði í framhaldinu komið grátandi inn til vitnisins og sagt frá því að ákærði hefði verið að misnota hann í langan tíma, mögulega tvö til þrjú ár.

Vitnið sagðist minnst þess að ákærði hefði skutlað þeim brotþola í tvígang á milli staða áður en málið kom upp. Í annað skiptið hefði hann ekið þeim suður á Keflavíkurlugvöll. Brotþoli hefði þá kynnt ákærða fyrir vitninu sem „skutlara“.

Vitnið sagði brotþola um nokkurn tíma áður en málið kom upp hafa verið búinn að hegða sér illa. Hann hefði stundum verið ofbeldisfullur og nokkrum sinnum ráðist á vitnið. Einnig hefði brotþoli brotið hurð á heimilinu. Svo hefði virst sem hann þyrfti að fá útrás. Brotþoli hefði verið mjög erfiður í skapi og hann rifist mikið við móður þeirra bræðra. Vitnið taldi að hegðun brotþola hefði tekið að breytast til hins verra um tveimur árum áður en hann var stöðvaður af lögreglu ásamt ákærða samkvæmt áðursögðu. Ástandið hefði verið orðið áberandi slæmt um ári áður en málið kom upp.

Vitnið kvaðst hafa skynjað létti hjá brotþola í kjölfar þess að upp komst um málið. Þá væri hann rólegri og áfengisneysla hans miklu minni.

Aðspurt kvaðst vitnið minnst þess að ákærði hefði ásamt vinum sínum eitt sinn haldið stórt samkvæmi er móðir þeirra var fjarverandi. Vitnið hefði verið allsgáð en brotþoli og vinir hans verið ofurölvi. Vitnið taldi að brotþoli hefði annað hvort verið í 10. bekk í grunnskóla eða 1. bekk í framhaldsskóla þegar þetta var. Áleit vitnið að hið fyrrnefnda væri líklegra.

C lögreglumaður sagði lögreglu hafa borist tilkynning um rásandi aksturslag ökumanns skömmu fyrir miðnætti 22. september 2017. Í kjölfarið hefði bifreið ákærða verið stöðvuð við Höfðabakka í Reykjavík. Með ákærða í bifreiðinni hefði verið farþegi, 17 ára drengur, brotþoli í málinu, og hefði hann verið undir áhrifum. Brotþoli hefði í fyrstu gefið upp rangan aldur og hann sagst vera 19 ára gamall. Þar sem ákærði og drengurinn hefðu að mati vitnisins ekki gefið greinargóð svör, meðal annars um tengsl sín og hvaðan þeir væru að koma, og þar sem vitnið hefði þekkt til ákærða, hefði vitnið talið rétt að taka málið til nánari skoðunar.

D lögregluvarðstjóri kvaðst strax hafa komið að málinu þegar það kom upp í september 2017. Vitnið hefði verið kallað til eftir að lögregla hafði afskipti af bifreið sem ákærði og brotþoli voru í. Þar sem þeir hefðu báðir sagt ósatt um tengsl sín hefði vitnið ákveðið að handtaka ákærða í þágu rannsóknar málsins.

Vitnið kvaðst hafa tekið skýrslu af brotþola síðla dags 23. september 2017 í kjölfar þess að lögregla hafði afskipti af honum og ákærða. Vitnið sagði brotþola hafa verið undir áhrifum áfengis þegar þeir ákærði voru stöðvaðir um kvöldið. Fullyrti vitnið að brotþoli hefði verið orðinn allsgáður þegar skýrslan var tekin af honum.

Vitnið sagði mál þetta hafa haft ákveðna tengingu við eldra mál ákærða. Við rannsókn þess máls hefðu komið fram vísbendingar um að ákærði hefði haft svipaða árátta gagnvart brotþola í þessu máli. Um það vísaði vitnið til ítrekaðra símasamskipta ákærða og brotþola í ágúst/september 2016 sem komið hefðu í ljós við rannsókn á síma ákærða. Þegar eldra málið kom upp og var tekið til rannsóknar hefðu hins vegar ekki komið fram vísbendingar um að samskipti hefðu verið á milli ákærða og brotþola eftir september 2016. Sérstaklega aðspurt þvertók vitnið fyrir að símar ákærða og brotþola í þessu máli hefðu nokkru sinni verið hleraðir. Við rannsóknina hefði lögregla einungis fengið upplýsingar, eftir á, um símanotkun og þá hefðu símar ákærða og brotþola verið afritaðir.

E rannsóknarlögreglumaður staðfesti fyrir dómi að hún hefði mótttekið samantekt frá réttargæslumanni brotþola sem réttargæslumaður hefði unnið út frá samtali er hann hefði átt við brotþola 18. janúar 2018. Vitnið neitaði því hins vegar að hafa stuðst við samantektina við skýrslutöku af brotþola 25. janúar 2018. Við þá skýrslutöku hefði vitnið viðhaft sama verklag og það viðhefði ávallt við slíkar skýrslutökur. Vitnið sagði af skýrslunni mega ráða að þannig hefði skýrslutakan farið fram.

Upplýsingaskýrslu, dagsetta 30. janúar 2018, kvaðst vitnið, sem sagðist fyrst á þessum tíma hafa verið að koma að málinu, hafa ritað í því skyni að útskýra hvernig á því stæði að fyrrgreind samantekt réttargæslumanns væri meðal rannsóknargagna málsins. Fram kom hjá vitninu að það hefði ekki óskað eftir þessari samantekt. Hún hefði verið meðal gagna málsins þegar vitnið kom að því.

Þá gaf einnig skýrslu fyrir dómi F lögreglumaður, en hann framkvæmdi undir rannsókn málsins athugun á fjármálum ákærða á tímabilinu 12. janúar 2017 til 12. janúar 2018, en ekki þykir þörf á að rekja framburð hans sérstaklega.

IV

Í málinu liggur frammi vottorð G sálfræðings, dagsett 6. júní 2018, um meðferð sem brotþoli sótti hjá henni frá 17. janúar 2018 til ritunardags vottorðsins. Á því tímabili kom brotþoli í 11 viðtöl hjá sálfræðingnum.

Í samantektarkafli í niðurlagi skýrslu sálfræðingsins kemur fram að niðurstöður sjálfsmatslista sýni að brotþoli greinist með þunglyndis- og kvíðaeinkenni, alvarleg streitueinkenni og uppfylli greiningarskilmerki áfallastreituröskunar. Áfallastreituröskunin hafi verulega truflandi áhrif á líðan brotþola og virkni hans í daglegu lífi. Sálfræðingurinn segir ljóst að ákærði hafi nýtt sér vanlíðan brotþola sem til hafi verið

komin vegna höfnunar föður hans og ákærði öðlast traust drengsins undir formerkjum mikillar yfirburðastöðu gagnvart honum. Þá hafi brotþoli verið með vangaveltur um eigin kynhneigð og verið forvitinn um kynlíf með aðilum af sama kyni sem leitt hafi hann út í það að prófa það samskiptaforrit sem ákærði hafi síðan sett sig í samband við hann í gegnum. Svo virðist sem ákærði hafi í kjölfarið náð miklum tókum á brotþola með því að gefa honum ýmis fríðindi, svo sem fatnað, peninga, aðgang að greiðslukorti, síma og margt fleira sem unglingspiltum í vanlíðan þyki mögulega ákjósanlegt. Auk þess virðist sem ákærði hafi att brotþola út í neyslu ólöglegra fíkniefna, sem brotþoli hafi alfarið hætt þegar slitið var á samskipti hans við ákærða.

Það hafi komið fram í frásögnum brotþola í viðtölum hans við sálfræðinginn hversu ofboðslega ágengur ákærði var að sögn drengsins í samskiptum sínum við hann. Strax í upphafi hafi þetta verið nokkuð yfirþyrmandi en þó hafi ákærði orðið sífellt ágengari eftir því sem á leið. Undir það síðasta hafi brotþoli sagst hafa verið búinn að gefast algerlega upp þar sem ákærði hafi ekki látið hann í friði og ekki tekið nei fyrir svar. Þegar brotþoli hafi reynt að „blokka“ ákærða eða svara honum ekki hafi hegðun ákærða einungis versnað. Brotþola hafi því fundist að hann hefði ekkert val. Sálfræðingurinn segir því ljóst að brotþoli hafi verið í algerri klemmu og líðan hans, hegðunarvandi og samskiptavandi við móður verið í samræmi við það.

Sálfræðingurinn segir brotþola sýna fjölmörg einkenni sem þekkt séu meðal barna og unglunga sem sætt hafi kynferðislegu ofbeldi. Brotþoli lýsi margendurteknu kynferðislegu ofbeldi yfir um það bil tvö ár, á mjög viðkvæmu þroskaskiði í lífi unglingsdregns. Líðan brotþola á þessu tímabili hafi einkennst af stöðugu stressi og ótta við að ákærði hefði samband við hann eða birtist fyrirvaralaust í umhverfi hans. Pressan sem ákærði hafi sett á brotþola hafi verið gríðarleg og stöðug og hafi drengurinn lýst algeru hjálparleysi varðandi það að koma sér út úr þessum aðstæðum. Hann hafi aldrei þorað að greina frá að fyrra bragði og því sé ljóst að angistin og hjálparleysið hafi verið algert. Kynferðisofbeldið hafi enda haft víðtæk áhrif á líðan, hegðun og skólagöngu brotþola.

Undir rekstri málsins fyrir dómi var lagt fram nýtt vottorð frá G, dagsett 27. apríl 2020. Var vottorðsins aflað vegna kröfu brotþola um að ákærða yrði gert að víkja úr dómsal á meðan brotþoli gæfi skýrslu vitnis. Í vottorðinu kemur fram að þegar það hafi verið ritað hafi brotþoli verið búinn að sækja á fjórða tug meðferðarviðtala. Í vottorðinu er vísað til efnis fyrra vottorðs um afleiðingar hinna meintu brota á líðan brotþola. Þar

segir jafnframt að staða brotþola sé enn afar viðkvæm. Hann glími enn við kvíða, þunglyndi og einkenni áfallastreitu. Í vottorðinu segir að meðferðarviðtöl brotþola muni halda áfram um óákveðinn tíma.

G kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins og staðfesti og skýrði vottorð sín. Vitnið kvað brotþola hafa verið ákaflega trúverðugan og samkvæman sjálfum sér í viðtölunum. Brotþoli hefði lýst hjálparleysi og þeirri gildru sem hann hefði verið fastur í í samskiptunum við ákærða. Hann hefði einnig lýst mikilli skömm vegna samskiptanna, meðal annars því að hafa þegið gjafir frá ákærða, hluti og verðmæti sem hann hefði vitað að hann væri ekki borgunarmaður fyrir. Þau áfallaeinkenni sem mest hefðu verið áberandi hjá brotþola væru forðunareinkenni og gríðarleg skömm og sektarkennd.

Vitnið sagði brotþola lengst af ekki hafa viljað ræða mikið um brotin sjálf, kynmök. Það hefði ekki verið fyrr en um mánuði áður en aðalmeðferð málsins hófst sem hann hefði getað lýst nákvæmlega þeim kynferðislegu athöfnum sem áttu sér stað. Fram hefði komið hjá brotþola að þegar á leið hefði hann verið farinn að reyna drífa kynmök af, sleppa því sem hann hefði kallað forleik, totti og slíku, til þess að endaparmsmök gætu átt sér stað svo þessu væri lokið. Brotþoli hefði þannig í raun verið farinn að kaupa sér frið.

Þó svo hinni hugrænu atferlismeðferð brotþola væri í raun lokið hefði brotþoli enn þörf fyrir stuðningsviðtöl. Þá væri stutt síðan að áfallastreitueinkennin hefðu aukist aftur og hefði þunglyndi verið þar mest áberandi. Þá hefði þurft að grípa aftur til þeirra verkfæra sem beitt hefði verið við hugrænu atferlismeðferðina. Vitnið sagði það sitt mat að brotþoli þyrfti án nokkurs vafa á áframhaldandi og reglulegri sálfræðiaðstoð að halda til framtíðar.

V

Ákæruliður 1:

Í þessum ákærulið eru ákærða gefin að sök kynferðisbrot gegn brotþola með því að hafa frá árinu 2015 og fram til 21. september 2017, er brotþoli var 14 til 17 ára gamall, margítrekað eða í að minnsta kosti 50 skipti, á ýmsum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, nágrenni þess og [...], haft kynferðismök við brotþola með ólögumatri nauðung með því að nýta sér yfirburði sína gagnvart honum vegna aldurs-, þroska- og reynslumunar. Ákærði hafi gefið drengnum peninga, þar með talið með því að láta hann hafa greiðslukort til afnota, fatnað, sólgleraugu, mat á veitingastöðum, tóbak, áfengi, kannabisefni og tvo farsíma, látið hann hafa símanúmer með gagnamagni

til afnota og ekið honum á milli staða. Þá hafi ákærði beitt drenginn þrýstingi og yfirgangi til þess að hitta hann og fá framgengt vilja sínum til að hafa við hann kynferðismök, með því meðal annars að hringja og senda margítrekuð skilaboð í síma og gegnum samskiptaforrit, virða að vettugi svör drengsins um að geta ekki eða vilja ekki hitta hann, mæta óvænt á staði þar sem hann var staddur og krefja drenginn um endurgreiðslu peninga og gjafa er hann reyndi að slíta samskiptum við ákærða. Ákærði neitar sök.

Svo sem rakið er í II. og III. kafla dómsins ber ákærða og brotþola saman um að kynni hafi tekist með þeim á samskiptaforritinu Grindr. Þeim ber einnig saman um að eftir það hafi þeir hist í fjölda skipta og haft kynmök. Þá ber lýsingum ákærða og brotþola á því hvar og hvernig kynmökun fóru fram saman í aðalatriðum.

Fyrir dómi bar brotþoli að samskipti þeirra ákærða hefðu hafist vorið 2015, skömmu áður en brotþoli varð 15 ára gamall. Þegar brotþoli gaf skýrslu hjá lögreglu 23. september 2017, í kjölfar þess að lögregla hafði afskipti af honum og ákærða, taldi brotþoli hins vegar aðspurður að samskipti þeirra hefðu hafist árið áður, það er á árinu 2016. Brotþoli tók þó fram hvað það varðaði að hann væri ekki alveg 100% viss um þetta. Það var síðan við skýrslugjöf hjá lögreglu 25. janúar 2018 sem fyrst kom fram framburður brotþola um að samskiptin hefðu hafist mun fyrr og áður en hann varð 15 ára gamall.

Fyrir dómi bar ákærði um upphaf samskipta þeirra brotþola að þau hefðu hafist í janúar eða febrúar 2017. Í skýrslu fyrir lögreglu 15. febrúar 2018 sagði ákærði samskiptin hafa hafist einhvern tímann á árinu 2016. Þegar ákærði gaf fyrst skýrslu hjá lögreglu að morgni laugardagsins 23. september 2017 bar hann hins vegar að samskipti þeirra brotþola hefðu þá einungis verið búin að vara í einhverja mánuði. Þegar ákærða var við skýrslutöku kl. 16:55 þann sama dag kynntur sá framburður brotþola að þeir væru búnir að þekkjast í rúmt ár var á ákærða að skilja að ummæli hans um þetta atriði í fyrstu skýrslutökunni hefðu einmitt verið þess efnis.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að framburður brotþola og ákærða hefur ekki verið stöðugur um hvenær samskipti þeirra hófust. Samkvæmt framburði brotþola fyrir dómi tengdi hann tímasetningu upphafs samskipta þeirra ákærða við samkvæmi sem hann hefði haldið heima hjá móður sinni í maímánuði 2015. Að mati dómsins er ekkert í gögnum málsins sem styður að samskipti ákærða og brotþola megi rekja allt aftur til þess tíma. Þá fær framburður brotþola að þessu leyti ekki haldbæra stoð í vætti móður hans og bróður fyrir dómi, en bæði voru þau spurð út í samkvæmið og mögulega

tímasetningu þess. Samkvæmt þessu og öðru framangreindu verður því ekki slegið föstu, gegn neitun ákærða, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að samskipti ákærða og brotþola hafi hafist áður en brotþoli varð 15 ára gamall. Þegar að því gættu verður ákærði sýknaður af ákæru um brot gegn 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Um það atriði hvenær samskipti ákærða og brotþola hófust þykir mega líta til upplýsinga um símnótkun ákærða sem lagðar voru fram er aðalmeðferð málsins var fram haldið 30. júní sl. Bera þau gögn með sér að ákærði og brotþoli voru í miklum símasamskiptum frá miðjum ágúst 2016 og fram í desember sama ár. Dómurinn telur að gögn þessi sýni að framburður ákærða fyrir dómi um að samskipti hans og brotþola hafi hafist í janúar eða febrúar 2017 getur ekki staðist. Þá telur dómurinn framburð ákærða um þetta atriði einkennandi fyrir framburð ákærða almennt í málinu en framburðurinn og það hvernig hann hefur breyst frá því ákærði gaf fyrst skýrslu hjá lögreglu ber þess merki að ákærði hafi frá upphafi freistað þess að gera eins lítið úr málinu og hann taldi mögulegt og síðan laga framburðinn að þeim gögnum sem aflað var við rannsókn lögreglu.

Fyrir dómi bar brotþoli að ákærði hefði ávallt haft frumkvæðið að kynferðislegum samskiptum þeirra á milli og hefði hann orðið ágengari eftir því sem tíminn leið. Brotþoli sagðist hafa verið stressaður vegna samskiptanna við ákærða. Hann hefði verið hræddur og alltaf með í maganum. Hann hefði aldrei sagt ákærða frá því að hann vildi kynmökkin ekki. „Ég var bara frosinn, alltaf bara eiginlega í sömu stöðu.“ Fram kom hjá brotþola að framan af hefðu kynmökkin verið með sama hætti og í fyrsta skiptið. Eftir að þeir höfðu verið að hittast um tíma hefði brotþoli reynt að komast undan munnmökunum „til að reyna að klára þetta af.“ Samskiptum þeirra á tímabilinu frá því þeir hittust fyrst og þar til þeim lauk lýsti brotþoli heildstætt svo að þau hefðu farið hægt af stað. Þegar á leið hefði ákærði orðið ágengari og hann margítrekað hringt og sent Snapchat- og SMS-skilaboð á öllum tímum sólarhrings. Ákærði hefði jafnframt ítrekað haft í frammi haldlausar ásakanir um brotþoli væri með öðrum karlmönnum. Eftir að ákærði var handtekin vegna máls, sem hann hefði síðan hlotið dóm fyrir, hefði hann farið að eiga samskipti við brotþola á samskiptaforriti sem erfiðaðra hefði verið rekja og fylgjast með. Hefði ákærði látið brotþola hlaða því forriti niður í símann sinn. Ákærði hefði beðið brotþola um stundaskrár hans og vaktaplön og hann þannig haft miklar upplýsingar um hvar hann var niður kominn hverju sinni. Brotþoli sagðist stundum hafa

reynt að loka á ákærða, blokka hann, þar sem brotaþoli hefði ekki viljað halda áfram að hitta hann en „... það var bara ekki hægt að komast í burtu frá honum.“ Ákærði hefði mætt á vinnustað brotaþola og reynt að ræða við hann þar. Ákærði hefði einnig beðið eftir honum fyrir utan vinnustaðinn. Ákærði hefði enn fremur beðið fyrir utan heimili brotaþola og elt hann þegar hann var með vinum sínum. Brotaþoli kvað ákærða hafa brugðist við tilraunum hans til þess að loka á samskipti við hann með því að krefja brotaþola um að skila gjöfum sem ákærði hafði gefið honum. Brotaþoli sagði ástandið hafa verið verst á þeim tíma sem hann bjó á [...]. Ákærði hefði að lágmarki komið þangað fjórum sinnum í viku. Svo hefði virst sem ákærði hefði ekkert annað að gera en hitta brotaþola. Hann hefði beðið fyrir utan hús afa og ömmu brotaþola þar sem hann bjó. Jafnframt hefði hann verið mættur í hádegishléi brotaþola. Í nokkur skipti hefði ákærði látið brotaþola taka rútu suður fyrir Hvalfjörð þar sem ákærði hefði tekið á móti honum á Kjalarnesi.

Svo sem áður var getið ber ákærða og brotaþola saman um að þeir hafi hist í fjölda skipta og haft kynmök. Ljóst er af framburði ákærða og brotaþola að um tugi skipta var að ræða en engu verður slegið föstu um nákvæman fjölda þeirra. Lýsingum ákærða og brotaþola á því hvar og hvernig kynmökun fóru fram ber í aðalatriðum saman. Að mati dómsins hefur framburður brotaþola í málinu verið mun stöðugri en framburður ákærða og fær hann í ýmsum atriðum stoð í framlögðum gögnum. Má þar nefna upplýsingar um símnótun og önnur þau gögn sem sýna fram á tíð samskipti ákærða og brotaþola. Þá fær framburður brotaþola stoð í gögnum sem aflað var um ferðir ákærða um Hvalfjarðargöng. Hann fær einnig að nokkru leyti stoð í þeim bankaupplýsingum sem fyrir liggja, en þau gögn sýna tíð kaup ákærða á skyndibita á stöðum sem brotaþoli hefur borið að þeir hafi oft snætt á á kostnað ákærða. Einnig bera þau með sér fjölmargar úttektir ákærða úr hraðbönkum. Framburður ákærða þessum atriðum tengdum ber samkvæmt áðursögðu þess merki að ákærði hefur frá upphafi freistað þess að laga framburð sinn að þeim gögnum sem lögregla aflaði við rannsókn sína. Þá þykir mega líta til þess að framburður brotaþola fær að sínu leyti einnig stoð í gögnum sem stafa frá barnavernd, læknisfræðilegum gögnum, framburði móður hans og bróður varðandi líðan hans og hegðun og vottorðum og framburði G sálfræðings. Öll þessi gögn og framburðir bera með sér mikla vanlíðan brotaþola og benda til þess, sér í lagi vottorð og framburður G sálfræðings, að samskipti brotaþola og ákærða hafði staðið yfir í talsvert lengri tíma en ákærði hefur viljað kannast við. Með vísan til alls þessa telur dómurinn að slá megi

Því föstu að samskipti ákærða og brotþola hafi hafist eigi síðar en sumarið 2016, en sú niðurstaða er í samræmi við fyrsta framburð brotþola og ákærða fyrir lögreglu.

Svo sem fyrr var rakið er ákærða í málinu gefið að sök að hafa haft kynferðismök við brotþola með ólögumætri nauðung með því að nýta sér yfirburði sína gagnvart honum vegna aldurs-, þroska- og reynslumunar. Samkvæmt framansögðu var brotþoli um það bil 16 ára gamall þegar kynferðisleg samskipti hans og ákærða hófust. Ákærði var miklu eldri, eða um það bil 56 ára gamall. Þegar að þessu gættu liggur fyrir að á ákærða og brotþola var mikill aldurs-, þroska- og reynslumunur.

Ljóst er af framburði brotþola fyrir dómi að allra fyrstu skiptin sem hann og ákærði hittust og höfðu kynmök geta ekki talist hafa falið í sér kynferðisbrot af hálfu ákærða. Af framburði brotþola samkvæmt framansögðu má hins vegar ráða að ákærði hafi fljótlega farið að beita brotþola þrýstingi og yfirgangi til þess að hitta hann og fá framgengt þeim vilja sínum að hafa við hann kynferðismök. Framburður brotþola fær að þessu leyti styrka stoð í gögnum sem bera með sér tíðar símhringingar ákærða og margítrekuð skilaboð hans til brotþola í síma og gegnum samskiptaforrit. Þá styður efni þeirra skilaboða sem fyrir liggja í málinu framburð brotþola um að ákærði hafi virt að vettugi svör hans um að geta ekki eða vilja ekki hitta hann og að ákærði hafi mætt óvænt á staði þar sem hann var staddur. Þá liggur fyrir með framburði brotþola og ákærða sjálfs að þegar brotþoli reyndi að slíta samskiptum við ákærða gerði ákærði kröfu um að brotþoli gerði upp við ákærða það sem hann taldi sig eiga inni hjá honum, en skýringar ákærða á þeim kröfum þykja í ljósi alls þess sem að framan er rakið vera mjög ótrúverðugar. Að þessu og öðru framangreindu heilstætt virtu þykir dómnum sannað með trúverðugum framburði brotþola og því sem honum er til stuðnings samkvæmt framansögðu, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi, með þeim hætti sem dómurinn telur sannað samkvæmt framansögðu, á tímabilinu ágúst 2016 til 21. september 2017, margítrekað haft kynferðismök við brotþola með ólögumætri nauðung með því að nýta sér yfirburði sína gagnvart honum vegna aldurs-, þroska- og reynslumunar og hann beitt brotþola þrýstingi og yfirgangi til þess að hitta brotþola og fá framgengt þeim vilja sínum að hafa við hann kynferðismök. Með þeirri háttsemi braut ákærði gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 2. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Ákærði verður með vísan til framburðar brotþola, og að nokkru ákærða sjálfs, einnig sakfelldur fyrir brot gegn 27. gr. áfengislaga nr. 75/1998 með því að hafa veitt

brotapola áfengi. Sú háttsemi sem ákærði telst hafa orðið sannur að samkvæmt framansögðu þykir hins vegar ekki verða heimfærð undir 3. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga og verður ákærði því sýknaður af ákæru um brot gegn því ákvæði.

Ákæruliður 2:

Í þessum ákærulið er ákærða gefið að sök að hafa, á sama tímabili og stöðum og greinir í ákærulið 1, ítrekað tekið ljósmyndir af brotapolu sem sýndu hann á kynferðislegan og klámfenginn hátt, beðið drenginn um að senda kynferðislegar myndir af sér, haft kynferðislegar myndir af honum í vörslu sinni í farsíma af gerðinni Samsung Galaxy J5, sem haldlagður var af lögreglu, og sent kynferðislegar myndir af honum til óþekktra aðila á samskiptamiðlum.

Staðreynd er að við rannsókn lögreglu fundust ljósmyndir á síma ákærða sem bæði brotapolu og ákærði hafa staðfest að séu af brotapolu. Vafalaust er að mati dómsins að myndirnar sýna brotapolu á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Þá ber ákærða og brotapolu saman um að ákærði hafi tekið þessar myndir. Samkvæmt framansögðu telur dómurinn ósannað að brotapolu hafi verið yngri en 15 ára þegar ákærði tók myndirnar. Þegar af þeirri ástæðu verður ákærði sýknaður af þeim sakargiftum að hafa með þeirri háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærulið 2 gerst sekur um brot gegn 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í skýrslu brotapolu fyrir dómi kom fram að í upphafi samskipta þeirra ákærða hefði hann sent ákærða, að hans beiðni, nokkrar kynferðislegar myndir af sér. Ákærði hefur neitað að þetta hafi hann gert. Þar sem framburður brotapolu fær að þessu leyti ekki stöð í gögnum málsins eða framburði vitna þykir ákæruvaldinu ekki hafa tekist að sanna, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi. Ákærði verður því sýknaður af umræddum sakargiftum.

Brotapoli bar fyrir dómi að fyrrgreindar myndir hefði ákærði jöfnum höndum tekið á sinn síma og síma brotapolu. Dómurinn telur ljóst af framburði brotapolu að bæði hann og ákærði hafi haft myndirnar í vörslum sínum. Þá bar brotapolu fyrir dómi að hann vissi ekki til þess að ákærði hefði sent þriðja aðila myndirnar en það hefur ákærði neitað að hafa gert. Samkvæmt þessu og þar sem ekkert óyggjandi verður ráðið um áframsendingu myndanna af rannsóknargögnum lögreglu telur dómurinn óupplýst með hvaða hætti myndirnar komust í hendur þriðja aðila. Af þeirri niðurstöðu leiðir að sýkna ber ákærða af sakargiftum um sendingu myndanna til þriðja aðila.

Fyrir liggur að brotþoli var ekki orðinn 18 ára gamall er ákærði tók títtnefndar ljósmyndir af honum. Samkvæmt því og öðru framangreindu þykir dómnum fram komin lögfull sönnun þess að ákærði hafi með töku og eftirfarandi vörslum á myndunum gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 210. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verður að telja að með töku mynda af lýstum toga hafi ákærði jafnframt gerst sekur um lostugt athæfi gegn barni, en rétt þykir að heimfæra þá háttsemi hans undir 209. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

VI

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins var ákærði með dómi Landsréttar, uppkveðnum 31. maí 2019, í máli réttarins nr. 520/2018, sakfelldur fyrir kynferðisbrot og honum gert að sæta fangelsi í fimm ár og sex mánuði. Brot þau sem ákærði er sakfelldur fyrir í máli þessu framdi hann fyrir uppkvaðningu dóms Landsréttar og ber því að ákvarða refsingu hans nú sem hegningarauka við þann dóm samkvæmt fyrirmælum 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot ákærða gegn brotþola voru alvarleg, margítrekuð og framin á ríflega eins árs tímabili. Var brotþoli barn að aldri sem horfir til refsipýngingar, sbr. a-lið 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Svo sem fram kemur í vottorðum G sálfræðings höfðu brotin miklar afleiðingar á andlega líðan og heilsufar brotþola. Ákærði á sér engar málsbætur en hins vegar verður ekki framhjá því horft að nokkur dráttur varð á útgáfu ákæru í málinu af ástæðum sem ákærða verður ekki um kennt. Skal til alls þessa lítið við ákvörðun refsingar ákærða, sbr. 1., 2., 6. og 7. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt því og að brotum ákærða að öðru leyti virtum þykir refsing hans, samkvæmt fyrirmælum 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga, réttilega ákveðin fangelsi í þrjú ár og sex mánuði.

VII

Í málinu krefst brotþoli miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 3.000.000 króna, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er brot átti sér fyrst stað þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt framansögðu hefur dómurinn slegið því föstu að ákærði hafi gerst sekur um alvarleg og langvarandi kynferðisbrot gegn brotþola. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði bakað sér bótaábyrgð gagnvart brotþola á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Bætur fyrir miska skulu ákvarðaðar eftir því sem sanngjarnt þykir og við mat á fjárhæð þeirra skal einkum líta til alvarleika brotsins, sakarstigs brotamanns, huglægrar upplifunar brotþola og loks umfangs tjónsins.

Í dómaframkvæmd hefur því verið slegið föstu að brot af því tagi sem hér um ræðir séu almennt til þess fallin að valda þeim sem fyrir verður sálrænum erfiðleikum. Þá þykir við mat á miskabótum til handa brotþola mega líta til vottorða G sálfræðings, en efni þeirra er að nokkru reifað í IV. kafla dómsins. Í vottorði sálfræðingsins frá 27. apríl 2020 segir að brot ákærða hafi haft miklar afleiðingar á andlega líðan brotþola. Hann hafi uppfyllt greiningarskilmerki þunglyndis, kvíða, streitu og áfallastreituröskunar, sem langan tíma hafi tekið að vinna með.

Samkvæmt tilvitnuðum vottorðum, og einnig að nokkru framburði móður brotþola og bróður fyrir dómi, sbr. kafla III hér að framan, höfðu brot ákærða miklar, langvarandi og alvarlegar afleiðingar á líðan og andlegt heilsufar brotþola. Með vísan til þess og annars framangreinds og að brotum ákærða virtum þykir rétt að ákvarða brotþola miskabætur í samræmi við kröfu hans, eða að fjárhæð 3.000.000 króna. Um vexti og dráttarvexti af kröfunni fer svo sem í dómsorði greinir, en samkvæmt gögnum málsins var bótakrafa brotþola kynnt ákærða er tekin var af honum framburðarskýrsla 15. febrúar 2018.

VIII

Með vísan til kröfugerðar ákæruvalds, gagna málsins og tilgreindra lagaákvæða í ákæru verður fallist á upptökukröfu ákæruvalds. Ákærði sæti því upptöku á Samsung Galaxy J5 farsíma (munanúmer 449798).

Með vísan til úrslita málsins, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað. Ákærði dæmist því til að greiða sakarkostnað samkvæmt framlögðu sakarkostnaðaryfirliti, dagsettu 18. janúar 2019, samtals 583.586 krónur. Ákærði greiði einnig þóknun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, en þóknun verjanda og réttargæslumanns þykir að umfangi málsins virtu og með hliðsjón af tímaskýrslum þeirra hæfilega ákveðin svo sem í dómsorði greinir. Þá greiði ákærði ferðakostnað verjanda síns, 24.420 krónur.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Fyrir uppsögu dómsins var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Halldórsson, sæti fangelsi í þrjú ár og sex mánuði.

Ákærði greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, 3.117.360 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, og ferðakostnað verjanda, 24.420 krónur. Ákærði greiði einnig þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, 1.953.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Þá greiði ákærði 583.586 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði sæti upptöku á Samsung Galaxy J5 farsíma (munanúmer 449798).

Ákærði greiði brotaþola, Y, 3.000.000 króna ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. ágúst 2016 til 15. mars 2018, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Kristinn Halldórsson